

Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2016 – síðari umræða 17. desember 2015

Inngangur

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar er hér lögð fram til síðari umræðu. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarvelta samstæðu A- og B- hluta verði 1029 milljónir króna, þar af verði velta A-hluta 846 m.kr en velta B-hluta 183 m.kr.

Reiknað er með að rekstrarafgangur A-hluta verði 70 m.kr en að samstæða A- og B-hluta skili 15 m.kr afgangi. Gert er ráð fyrir að framlegð af rekstri sveitarfélagsins (EBIDTA) verði 160 m.kr eða 15,6% af veltu sem er ásættanleg niðurstaða.

Hér getur að líta helstu stærðir úr rekstrarreikningi sveitarfélagsins:

Fjárhagsáætlun 2016 úr rekstrarreikningi (þús. kr.)	2016 A - hluti		2016 A + B hluti	
TEKJUR				
Skatttekjur	506.268	59,9%	506.268	49,2%
Framlög Jöfnunarsjóðs	204.432	24,2%	204.432	19,9%
Aðrar tekjur	135.005	16,0%	317.915	30,9%
	845.705	100,0%	1.028.615	100,0%
GJÖLD				
Laun og launatengd gjöld	451.296	53,4%	490.853	47,7%
Annar rekstrarkostnaður	296.664	35,1%	377.362	36,7%
	747.960	88,4%	868.215	84,4%
Framlegð (EBITDA)	97.745	11,6%	160.400	15,6%
Afskriftir	27.578	3,3%	57.021	5,5%
Niðurstaða án fjármagnsliða	70.167	8,3%	103.379	10,1%
Fjármagnsliðir	-	0,0%	-	-8,6%
Rekstrarniðurstaða	70.097	8,3%	14.977	1,5%

Helstu breytingar frá fyrri umræðu

Bæjarráð ákvað nokkrar breytingar á milli fyrri og síðari umræðu sem koma fram í niðurstöðu fjárhagsáætlunar. Einnig hittist öll bæjarstjórnin á vinnufundi og ræddi ýmsar tillögur um sparnað sem bæjrráð vann svo úr á næsta fundi sínum.

Fáeinir breytingar hafa verið gerðar á fjárhagsáætlun ársins 2015 frá fyrri umræðu í bæjarstjórn. Um er að ræða u.þ.b. 21 m.kr hækkun á áætluðum tekjum, en þar munar mest um að áætlað útsvar er reiknað út samkvæmt staðgreiðsluáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga, en aðrar tekjur hækka um 5,3 m.kr frá fyrri umræðu. Þá voru gerðar leiðréttingar bæði til hækkunar og lækkunar launaliðar í fræðslumálum. Hækkunar

vegna áhrifa launahækkana, en lækkunar vegna minni yfirvinnu ofl. en áður hafði verið gert ráð fyrir, m.a. vegna flutnings starfsmannafunda inn í dagvinnutímabil.

Þá voru leiðréttir liðir í innri þjónustu, m.a. tekjur mótuneytis. Framlög til BsVest hækka um 2 m.kr frá fyrri umræðu. Áætlunin gerir ráð fyrir að kostnaður við slátt opinna svæða verði lækkaður um 1,5 m.kr með því að draga úr slætti á opnum svæðum í samráði við verktaka. Bæjarráð leggur einnig til að fundum bæjarráðs og bæjarstjórnar verði fækkað og er tillaga þess efnis á dagskrá þessa fundar í formi breytingartillögu við samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar. Í tillöguni er gert ráð fyrir að bæjarstjórnarfundir verði mánaðarlega en bæjarráðsfundir vikulega nema þá viku sem bæjarstjórnarfundur er haldinn. Sparnaðurinn er um 0,5 m.kr á ári.

Gerð er tillaga um gjaldskrárbreytingu þar sem sorphirðugjöld eru hækkuð um 4000 kr/íbúð sem þýðir að sorphirðu- og eyðingargjöld hækka fyrir hvert heimili úr 35.850 í 39.850 kr eða um 11%. Tekjuaukinn sem er um 1,5 m.kr minnkar hallann á þessum þætti, en hann er þó áfram rekinn með u.þ.b. 6 m.kr halla.

Nettóáhrif breytinganna á milli fyrri og síðari umræðu eru þau að launaliðurinn í áætluninni lækkar um 0,5 m.kr. og annar rekstrarkostnaður lækkar um 1,3 m.kr frá fyrri umræðu.

Tekjur

Heildartekjur ársins 2016 verða 1.029 milljónir króna. Þar af eru tekjur A-hluta 845 milljónir, en tekjur B-hluta 183 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur verði 452 m.kr, en reiknað út frá staðgreiðsluáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga má gera ráð fyrir að útsvarstekjur ársins 2015 verði alls 417 m.kr. Þannig að gert er ráð fyrir 8,4% hækkun á milli ára. Þá er reiknað með að tekjur af fasteignasköttum og lóðarleigu verði 54 m.kr.

Tekjur úr Jöfnunarsjóði verða 204 m.kr skv. áætluninni þannig að heildarskatttekjur að meðtöldum tekjum úr Jöfnunarsjóði verða 710 m.kr. Reiknað er með að þjónustutekjur í A-hluta verði 135 m.kr. Þar er m.a. um að ræða tekjur af Íþróttamiðstöð, sorphreinsi- og sorpeyðingargjöldum, leikskólagjöldum, mótuneyti ofl. en inni í þeirri tölu er einnig sala á milli deilda sem færð er til tekna á eina deild, en til gjalda á aðra.

Skipting rekstrarkostnaðar í A-hluta

Laun eru 451 m.kr. eða 53% af tekjum A-hluta. Launahlutfallið er svipað og gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun síðasta árs. Annar rekstrarkostnaður er hinsvegar 297 m.kr eða 35% af tekjum, en afskriftir og fjármagnsliðir eru 3,3%. Rekstrarafgangur A-hluta er 70 m.kr eða um 9%.

Framlegð

Framlegð er af rekstri A-hluta er 98 m.kr eða 11,6%. en 160 m.kr af samstæðu A- og B-hluta, sem er 15,6% af tekjunum. Framlegðin er því vel viðunandi.

Sjóðstreymi, lántaka og skuldaviðmið

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 117 m.kr á meðan veltufé frá rekstri A-hluta er 107 m.kr. Áætlunin gerir ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán að fjárhæð kr. 80 m.kr en á sama tíma verði greidd niður lán að fjárhæð 104 m.kr þannig að heldur er verið að greiða niður lán.

Bolungarvíkurkaupstaður hefur gert samning við velferðarráðuneytið um leigu á húsnæði fyrir hjúkrunarheimili, sem felur í sér langtímaskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs um stöðugar leigutekjur af fjárfestingunni. Því er heimilt að draga frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirta fjárhæð þess hluta leiguverðsins á samningstíma, sem ætlaður er vegna fjárfestingarinnar. Þá skal draga frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár eða síðar. (sbr reglugerð 502/2012).

Þar sem starfsemi er nú hafin í hjúkrunarheimilinu er ákvæði í framangreindri reglugerð orðið virkt og gerir áætlunin því ráð fyrir að svokallað skuldaviðmið sveitarfélagsins reiknað í samræmi við reglugerðina verði um 131% í lok árs 2016. Gerður hefur verið samningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um afnot af húsnæðinu til reksturs hjúkrunarheimilisins.

Fjárfestingar – framkvæmdir

Fjárhagsáætlun ársins 2016 ber nokkurn keim af þeim sviptingum sem urðu í atvinnulífinu í Bolungarvík í lok september sl. Þegar bankastarfsemin í bænum fluttist að miklu leyti á Ísafjörð í kjölfar sameiningar Sparisjóðsins við Landsbankann. Bæjaryfirvöld settu þá í gang aðgerðaáætlun til að tryggja póstafréttislausu og gjaldkerapjónustu Landsbankans í bænum auk þess sem Sýslumannsembættinu var boðið til samstarfs. Áætlunin gerir ráð fyrir að bæjarskrifstofunnar verði fluttar af efri hæð Ráðhússins á neðri hæðina þar sem áfram verður póstafréttislausu, bankagjaldkeri og útibú frá Sýslumanninum. Upphaflega var ætlunin að semja um makaskipti á húsnæðinu á efri hæð Ráðhússins og neðri hæðinni.

Vitastígur 1

Mál hafa hinsvegar þróast þannig að nú er stefnt að því að í stað efri hæðarinnar í Ráðhúsinu eignist Landsbankinn 2. hæð hússins að Aðalstræti 21 sem er í eigu Bolungarvíkurkaupstaðar, í makaskiptum fyrir neðri hæðina í Ráðhúsinu. Þannig mun Landsbankinn verða eini eigandi alls hússins að Aðalstræti 21 og mun væntanlega setja það húsnæði í söluférlu ef allt gengur eftir, en athygli bankans hefur verið vakin á ýmsum möguleikum í nýtingu þess húsnæðis. Unnið er að því að ganga frá þeim málum auk þess sem unnið er að því að fá leigendur á efri hæð Ráðhússins.

Bolungarvíkurkaupstaður er hinsvegar með langtímaleigusamning við Náttúrustofu Vestfjarða sem er með starfsemi á 2. hæð hússins að Aðalstræti 21, en þar leigir sveitarfélagið einnig Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða húsnæði. Gert er ráð fyrir að Bolungarvíkurkaupstaður leigi þessum aðilum áfram aðstöðu fyrir sína starfsemi.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að efri hæð Vitastígs 1 sem einnig er í eigu Bolungarvíkurkaupstaðar en staðið hefur auð verði gerð upp og leigð út sem skrifstofuhúsnæði fyrir Náttúrustofu Vestfjarða og Heilbrigðiseftirlitið, en einnig er reiknað með að fleiri aðilar, sem hafa sýnt því mikinn áhuga, leigi þar húsnæði fyrir sína starfsemi, en þeirra á meðal er Rannsóknasetur Háskóla Íslands og Minjastofnun. Ýmsir möguleikar skapast með því að hafa alla þessa aðila á sama stað, en m.a. er reiknað með að þar verði lesaðstaða fyrir háskólanema. Reikna má með að slíkt „sambýli“ margra fámennra stofnana og fyrirtækja styrki starfsemi þeirra.

Áætlunin gerir ráð fyrir að kostnaður við uppgerð húsnæðisins verði um 28 m.kr, en í þeim kostnaði er innifalinn kostnaður við lyftu sem tryggja mundi gott aðgengi fyrir alla bæði að því húsnæði og Náttúrugripasafninu, en aðgengismál að Náttúrugripasafninu hafa því miður ekki uppfyllt kröfur nútímans. Flutningur Náttúrustofunnar í Vitastíg 1 mundi líka tryggja áfram gott samstarf á milli Náttúrustofunnar og Náttúrugripasafnsins.

Það liggur fyrir að um er að ræða nokkra fjárfestingu vegna þessa verkefnis. Hinsvegar er ljóst að leigan stendur vel undir þeirri fjárfestingu sé reiknað með að hún eigi að greiðast niður á 15 árum. Vannýttu húsnæði í eigu sveitarfélagsins verður þar með komið í full not án þess að það eigi að þýða nettó útgjöld fyrir sveitarfélagið.

Ósvör

Reiknað er með að setja 15 m.kr í uppbyggingu á þjónustuhúsi í Ósvör, en þar hefur verið unnið deiliskipulag og ofanflóðamat sem nauðsynlegt var að ljúka við áður en farið væri í framkvæmdir. Unnið er að útfærslu á þjónustuhúsi, en lögð er áhersla á að Sjóminjasafnið Ósvör njóti sín vel og að þjónustuhúsið skyggi ekki á safnið eða taki frá því athygli. Gert er ráð fyrir að setja 15 m.kr í þetta verkefni á árinu 2016.

Ráðhúsið - Þjónustumiðstöð

Ljóst er að gera þarf einhverjar breytingar á neðri hæð Ráðhússins áður en starfsemi bæjarskrifstofunar er flutt þangað. Þar er um að ræða endurnýjun á gólfefni, málun ofl., en einnig þarf að tryggja ákveðinn aðskilnað á milli þeirra aðila sem verða með starfsemi í þjónustumiðstöðinni.

Bæjarráð Bolungarvíkur ásamt bæjarstjóra átti fund með fjárlaganefnd þ. 7. október sl. þar sem m.a. var sett fram tillaga um að ríkið kæmi með 10 m.kr framlag til þátttöku í þeim kostnaði sem sveitarfélagið yrði fyrir vegna flutnings bæjarskrifstofu og uppsetningar á þjónustuveri. Afraksturinn af þeirri beiðni er að meirihluti fjárlaganefndar hefur sett fram tillögu um *“...10 m.kr tímabundið framlag til að þróa og stofnsetja þjónustumiðstöð í Bolungarvík sem sjái m.a. um póstafréttislausu, bankaþjónustu og umboð Tryggingastofnunar ríkisins auk þjónustu á vegum sveitarfélagsins...”*. Það er ánægjulegt og þakkarvert að þingmenn í fjárlaganefnd hafi hlustað á okkar tillögur og ljáð þeim svo fylgi sitt. Reiknað er með að þessir fjármunir verði nýttir í framangreint verkefni, en þessar 10 m.kr hafa ekki verið færðar inn í áætlunina né heldur kostnaðurinn við breytingarnar þar á móti.

Leikskólinn

Gert er ráð fyrir 2 m.kr til að halda áfram við hönnun viðbyggingar við Leikskólann Glaðheima, en ekki er gert ráð fyrir framkvæmdafé á þessu ári. Fjárfesting í stækkun leikskólans er framkvæmd sem tekur til sín mikið framkvæmdafé og því hefur farið fram óformleg umræða í bæjarráði um að skynsamlegt gæti verið að selja eignir til að veða á móti þeirri fjárfestingu.

Ýmiss viðhaldsverkefni

Gert er ráð fyrir 12 m.kr í ýmislegt stærra viðhald. Þar af eru um 5,5 m.kr merktar eignasjóði og 2,8 m.kr merktar félagslegum íbúðum, en 3,7 m.kr eru ótilgreindar í stærra viðhald. Auk þess er gert ráð fyrir fjármunum í reglubundið viðhald.

Félagsheimilið

Reiknað er með að klára frágang í aðalsal að fjárhæð 2,4 m.kr sem var á fjárhagsáætlun ársins 2015 en ekki var farið í að framkvæma. Framkvæmt verður fyrir gjafafé sem Skátafélagið Gagnherjar færði sveitarfélaginu nýlega.

Íþróttamiðstöðin Árbær og Íþróttavellir

Gert er ráð fyrir 1,2 m.kr í lagfæringar á stýringum í loftræstikerfi. Ennfremur er gert ráð fyrir 800 þús. vegna greiðslu á hluta úr sláttuvél fyrir íþróttavellina.

Tjaldstæði í Skálavík

Gert er ráð fyrir 750 þús. kr til að koma fyrir rotþró á tjaldstæðinu í Skálavík.

Vatnsveitan

Gert er ráð fyrir 3 m.kr fjárfestingu í Vatnsveitunni vegna heimtauga ofl.

Bolungarvíkurhöfn

Gert er ráð fyrir að hugað verði að endurnýjun lýsingar á höfninni þar sem ljós eru farin að gefa sig. Byrjað verður á að gera úttekt á möguleikum í lýsingu og þá sérstaklega orkusparandi lýsingu. Þá er reiknað með að bæta lýsingu fyrir aðkomu skipa að Brimbrjót. Ennfremur verður ráðist í að bæta aðstöðu fyrir meðferð úrgangsolíu. Þá er veitt 2 m.kr í hönnun og undirbúning ýmissa verkefna, þ.á.m. undirbúning vegna stálþils og þekju á fremri hluta Brimbrjóts, en það verkefni er á samgönguáætlun 2017 og 2018. Alls er fjárfestingarheimild Bolungarvíkurhafnar kr. 6,5 m.kr

Að lokum

Bolungarvíkurkaupstaður hefur á undanförunum árum staðið að miklum framkvæmdum í sveitarfélaginu. Þar ber hæst byggingu glæsilegs hjúkrunarheimilisins sem hefur nú verið tekið í notkun. Bolungarvíkurkaupstaður hafði þar forystu um að tryggja góða þjónustu við aldraða í bænum um leið og þau atvinnutækifæri sem fylgja starfseminni voru tryggð í sveitarfélaginu. En á sama tíma hefur verið unnið að miklum lagfæringum í Íþróttamiðstöðinni, Grunnskólanum og félagsmiðstöðinni Tópas. Þá hefur mikli áhersla verið lögð á snyrtingu bæjarins. Grænum svæðum hefur fjölgað og gangstéttar hafa verið endurnýjaðar auk þess sem fjármunir hafa verið lagðir í skólalóðir og leiktæki og snyrtingu hafnarsvæðisins.

Fjárhagsáætlun ársins 2016 tekur talsvert mið af þeim breytingum sem sveitarfélagið stóð frammi fyrir og þurfti að bregðast við. Lögð er áhersla á að nýta þau tækifæri sem breytingarnar hafa í för með sér á jákvæðan hátt til að styrkja innviðina og fjölbreytileikann í atvinnulífinu. Einnig er verið að verja fjármunum í betri aðstöðu fyrir ferðamenn í Ósvör og víðar.

En fjárhagsáætlun er ekki bara áætlun um útgjöld heldur er hún fjárhagsrammi fyrir rekstur sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að forstöðumenn og í raun allir starfsmenn leggi sig fram um að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í áætluninni. Það geta alltaf komið upp tilvik þar sem útgjöld verða meiri en ráð var fyrir gert, en oft er hægt að bregðast við slíkum breytingum með hagræðingu í öðrum liðum eða tilfærslum á milli liða í áætlun, án þess að það hafi áhrif á endanlega niðurstöðu rekstrar.

Að lokum vil ég þakka bæjarráði og bæjarstjórn gott samstarf við vinnslu áætlunarinnar. Ennfremur vil ég þakka fjármálastjóra fyrir mikið vinnuframlag við áætlunargerðina auk byggingarfulltrúa. Ennfremur er forstöðumönnum hjá Bolungarvíkurkaupstað þökkud þátttakan.

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar ásamt gjaldskrár fyrir árið 2016 er hér lögð fram til síðari umræðu.

Bolungarvík 17. desember 2015
Elías Jónatansson, bæjarstjóri